



Fundargerð

413. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 miðvikudaginn 18. október 2017. Þetta er 10. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Bjarki Guðnason D-lista boðar forföll. Í hans stað er mætt Rannveig Bjarnadóttir 2. varamaður D-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Fulltrúar Skaftárhrepps í sameiningarnefnd funduðu á Höfn um miðjan október. Umræður voru á fundinum um áhrif stjórnarslita á verkefnið og mögulega fjárveitingu ríkisvaldsins. Stefnt er að því að kynna drög að lokaskýrslu sameiningarnefndar fyrir íbúum á næstunni. Styrkjum að upphæð 8 millj. var úthlutað til 8 ólíkra verkefna í Skaftárhreppi úr verkefnasjóði Skaftárhrepps til framtíðar. Niðurstöður úr verkefninu fræðslustjóri að láni sem unnið var af Fræðsluneti Suðurlands í samstarfi við sveitarfélagið voru kynntar í síðustu viku og voru lagðar fram góðar tillögur að fræðsluáætlun starfsfólks fyrir árið 2018. Verkefnið mun nýtast stofnunum og starfsfólki sveitarfélagsins vel. Sveitarstjóri átti fund með forstöðumanni Kirkjubæjarstofu og verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar vegna undirbúnings á þekkingarsetri í Kirkjubæjarskóla. Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu vinnur nú að því að undirbúa fund með helstu hagsmunaaðilum verkefnisins fyrir áframhaldandi vinnu. Sveitarstjóri var á fjarfundum á stjórnarfundum Náttúrustofu Suðausurlands. Sveitarstjóri og Guðmundur Daníelsson áttu fund með fulltrúum frá Rarik og Orkufjarskiptum þar sem farið var yfir lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í Fljótshverfi. Sveitarstjóri átti svo aftur fund með Orkufjarskiptum í gær þar sem farið var yfir lagningu stofnlagnar ljósleiðara og heimtauga og mögulegar útfærslur. Stefnt er að því að samningur við Orkufjarskipti verði til umfjöllunar sveitarstjórnar á næsta fundi. Fyrsti fundur starfshóps um raforkuflutning í dreifbýli hefur farið fram og verður næsti fundur haldinn í byrjun nóvember. Sveitarstjóri og oddviti fóru á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík. Sveitarstjóri hélt erindi á ráðstefnu um ferðaþjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1709005 Fundargerð 131. fundar skipulagsnefndar. dags. 10.10.2017

1. 1709023 Umsókn um byggingarleyfi á Fálkatindsbóli. Hannes Jónsson kt. 070553-3099.

Hannes Jónsson sækir um byggingarleyfi á lóðinni Fálkatindsbóli í landi Núpsstaðar landnr. 225688. Um er að ræða tvær byggingar úr timbri, annars vegar 7,4 m² snyrtingu og 36,2 m² aðstöðuhús.

Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. 1701003 Lýsing á aðalskipulagsbreytingu fyrir breytingu á þéttbýlinu Kirkjubæjarklaustri.



Viðfangsefni breytingarinnar er að skilgreina nýjan reit fyrir verslunar og þjónustu og hluti svæðis fyrir frístundabyggð verði breytt í íbúðarsvæði.

Skipulagslýsing er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagna og auglýsa lýsinguna skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við næsta lið og felur Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur varaoddvita fundarstjórn.

3. 1606004 Breyting á deiliskipulagi í landi Efri-Víkur

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vegna styttingar vegtengingar í landi Efri-Víkur.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna tillöguna skv. 2. gr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og senda þau til Selhólavegar 10, Selhólavegar 12 og Sauðagötu 1 og umsagnaraðila ef við á.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

4. 1701004 Virkjun í Hverfisfljóti – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun 14. september 2017

Ragnar Jónsson hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu allt að 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu. Skipulagsstofnun óskar eftir að Skaftárhreppur gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Skaftáreldahraun er verndað samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir Skipulagsnefnd því á að það skal forðast röskun þess eins og kostur er. Einnig er bent á að þau efnistökusvæði sem vísað er til í skýrslunni eru ekki skilgreind í aðalskipulagi Skaftárhrepps þ.e. efnistökusvæði í Skaftáreldahrauni og náma sem staðsett er í landi Seljahlíðar/Seljalands. Skaftárhreppur þarf að veita framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni og verður það ekki gert nema á grundvelli aðalskipulags.

Samþykkt af Bjarka Guðnasyni, Jóhannesi Gissurarsyni, Davíð Andra Agnarssyni og Guðbrandi Magnússyni. Kristbjörg Hilmarsdóttir situr hjá. Skipulagsfulltrúa falið að svara erindi Skipulagsstofnunar dags. 14. september 2017.

Kristbjörg Hilmarsdóttir Z-lista óskar bókuar:

Í frummatsskýrslunni kemur fram að öll mannvirki fyrirhugaðrar framkvæmdar eru staðsett á eldhrauni sem hefur verndargildi samkvæmt náttúruverndarlögum og umhverfisáhrif þeirra eru metin frá því að vera nokkuð neikvæð upp í að vera verulega neikvæð. Mannvirkin munu einnig valda varanlegri röskun á óbyggðum viðernum á stóru svæði. Framkvæmdirnar myndu ennfremur hafa neikvæð áhrif á þá sem stunda útiveru og göngur á svæðinu og kjósa að njóta ósnortinnar náttúru og ímynd sveitarfélagsins í heild.

Z-listinn getur ekki tekið undir að slíkt inngríp, með skerðingu viðerna og mikilli röskun á nútímahraunum sé réttlætjanlegt. Í skýrslunni er það rökstutt með því að fyrirhuguð framkvæmd stuðli að öruggari raforkuafhengingu. Rétt er að benda á að mjög sérstakar aðstæður þurfa að



skapast til þess að bilanir verði í rafdreifikerfinu báðu megin við þetta svæði og leiða má líkum að því að slíkt væri helst í völdum vetrarveðrum eða í náttúruhamförum þegar virkjunin er í lágmarksásköstum ef nokkrum.

Skaftárhreppur hefur hingað til borið gæfu til að leggja áherslu á að gæta þeirra verðmæta sem felast í ósnortnum víðernum hans, má þar t.d. nefna starf Friðs og frumkrafta, hagsmunafélags sem (eins og segir á heimasíðu þess) hefur þann tilgang að efla byggð í Skaftárhreppi, fjölga atvinnutækifærum og standa vörð um þau störf sem fyrir eru ásamt því að styrkja markaðsstöðu og ímynd Skaftárhrepps. Þar hefur m.a. verið ályktað um mikilvægi þess að ferðaþjónustuaðilar í hreppnum geti stært sig af að geta boðið gestum sínum upplifun í náttúru sem ekki hafi verið spillt með óafturkræfum virkjunarframkvæmdum.

Í ljósi þessa og þeirra miklu jákvæðu breytinga sem orðið hafa á þróun íbúafjölda og atvinnutækifærum í sveitarfélaginu undanfarin ár er ekki hægt að taka undir þá niðurstöðu skýrsluhöfunda að virkjunin hafi jákvæð áhrif á íbúa og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Virkjanir skapa ekki störf utan framkvæmdatímans. Á framkvæmdatímanum myndi framkvæmdin skapa mörg störf en þeim yrði sinnt að nánast öllu leyti af utanaðkomandi vinnuafli, enda er ekki skortur á verkefnum hjá þeim verktökum og þjónustuaðilum sem fyrir eru á svæðinu.

Það má hins vegar vera ljóst að áhrifin gætu orðið talsvert neikvæð fyrir ímynd sveitarfélagsins og sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

Eva Björk Harðardóttir, Rannveig Bjarnadóttir, Jóhannes Gissurarson og Sverrir Gíslason staðfesta afgreiðslu nefndarmannanna Bjarka Guðnasonar, Jóhannesar Gissurarsonar, Davíðs Andra Agnarssonar og Guðbrands Magnússonar. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir situr hjá.

6. 1701005 Umsókn um stofnun lóðar í landi Núpsstaðar

Hannes Jónsson kt. 070553-3099 sækir um stofnun lóðar í landi Núpsstaðar landnr. 163416.

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1604045 Fundargerð 24. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 02.10.2017

3. Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps fyrir 2018

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd óskar eftir fjármagni í eftirtalda málaliði; gámuvikur í gömlu hreppnum, uppbygging á gámapelli, hreinsunaráttak meðfram þjóðvegi 1 og kanna möguleika á viðbótar ráðningu starfsmanns til að sinna viðhaldi á eignum sveitarfélagsins.

Visað til vinnu við fjárhagsáætlun 2018

Aðrir liðir fundargerðir kynntir sveitarstjórn.

3. 1605028 Fundargerð 70. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar. 01.10.2017

1. Fjárhagsáætlun

a. 17.júní - íþrótt og æskulýðsnefnd óskar eftir sömu upphæð og fyrir árið 2017

Visað til vinnu við fjárhagsáætlun 2018.

b. Íþrótt og æskulýðsnefnd leggur til að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar fyrir árið 2018 verði óbreytt frá árinu 2017.

Visað til vinnu við fjárhagsáætlun 2018.



e. Ípróttta og æskulýðsnefnd vill ítreka að skipulagsnefnd klári stækkun á reit fyrir ípróttavöllum við Ípróttamiðstöð og fari að vinna m'laðið áfram. Ljóst er að það kostar mikla peninga að koma upp nýjum ípróttavelli og verður vonandi gert ráð fyrir einhverjum peningum í það verkefni í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og á næstu árum.

Visað til vinnu við fjárhagsáætlun 2018.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1701001 Fundargerð 151. fundar fræðslunefndar. 02.10.2017

Heilsuleikskólinn Kæríbær kl. 10:00-10:15.

1. Beiðni um aukið stöðugildi.

Guðrún fer þess á leit að aukið verði um eitt stöðugildi í viðbót. Um er að ræða í heldina 6 starfsmenn og ræstingu í hlutastarfi. Fræðslunefnd tekur undir beiðnina og leggur til að fegninn verði ráðgjöf frá leikskólaráðgjafa, til endurskipulagningar á skólustarfi með tilliti til fjölda nemenda, starfsfólks, húsnæðis og biðlista.

Sveitarstjórn samþykkir fjölgun stöðugilda við leikskólann í ljósi mikillar aðsóknar og felur sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna málsins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

Handwritten signature and initials in blue ink.

II. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 171001 Samningur um rekstur Náttúrustofu á Suðausturlandi. Náttúrustofa Suðausturlands. dags. 22.09.2017
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir viðræðum við samningsaðila um endurnýjun samnings.
2. 1710006 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II á Prestsbakka. Sýslumaður Suðurlands. dags. 18.09.2017
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.
3. 1610010 Viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2017
Sveitarstjóri gerir tillögu um eftirfarandi viðauka;
Útsvarstekjur hækka um 40 millj. miðað við útkomuspá vegna ársins 2017 og útreikningi á eftirá álagningu útsvars frá Fjársýslu ríkisins. Færist á lið 0001
Fjárfesting í slökkivíbil og búnaði samkvæmt tilboði 8,5 millj.
Viðbótar stöðugildi á leikskólann Kærabæ til að koma til móts við mikla fjölgun barna 1 millj. færist á lið 04211-laun
Rekstrartekjur A-hluta aukast um 40 millj.
Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 9,5 millj.
Nettó áhrif viðauka eru auknar tekjur um 30,5 millj.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

4. 1710002 Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Flöguveggar nr. 2179. Afrit af erindi Vegagerðar. dags. 22.09.2017
Sveitarstjórn mótmælir harðlega niðurfellingu vegarins þar sem samkvæmt heimildum sveitarstjórnar eru tveir einstaklingar með lögheimili á Flögu I og því ekki forsendur til að



fella niður veginn. Sami afleggjari er að Flögu I og II sem tilgreindur er sem Flöguvegur nr. 2179. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum til Vegagerðar.

5. 1710007 Rekstur Skaftárstofu. Erindi frá Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. dags. 03.10.2017
Sveitarstjórn samþykkir að fjármagna starfsmann í Skaftárstofu virka daga frá kl. 09-14 til áramóta 2017 þar sem Vatnajökulsþjóðgarði hefur ekki tekist að fjármagna rekstur hennar út árið líkt og til stóð. Fjármagnið verður tekið af lið 1363-laun. Sveitarstjórn hvetur Vatnajökulsþjóðgarð til að tryggja að heilsársrekstur verði í Skaftárstofu frá og með árinu 2018 ekki síst með öryggi ferðafólks yfir vetrartímann að leiðarljósi. Sveitarstjóra falið að svara erindinu og óska eftir fundi með formanni stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs og framkvæmdastjóra þjóðgarðsins í framhaldinu.
 6. 1710008 Umsókn um styrk til verkefna 2018. Kirkjubæjarstofa. Dags. 12.10.2017. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til vinnu við fjárhagsáætlun 2018.
 7. 1710009 Kjörskrá til alþingiskosninga 2017
Lagður fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna alþingiskosninga sem fram eiga að fara 28. október 2017. Á kjörskrá eru 352. Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 28. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.
- Fundarhlé 13:54-14:01
8. 1710010 Fjárhagsáætlun 2018-2021 – fyrri umræða
Farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2018-2021. Reiknað verður með 2,7 % almennum verðlagsbreytingum 2018 og öðrum verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands til 2021. Launabreytingar eru áætlaðar 6,5%. Hækkun útsvars verður um 8,5% miðað við áætlun um fjölgun starfa, launaskrið og áætlaðar launabreytingar. Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun á fasteignamati er áætlað 16% samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Sveitarstjóri fer yfir tillögu að helstu viðbótum við fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni til síðari umræðu.
 9. 1710011 Tilnefning varamanns í svæðisráð. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. dags. 26.09.2017
Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra fulltrúa Skaftárhrepps sem varamann í svæðisráð.
 10. 1710013 Gangnamannaskáli í Blæng. Arnar Bjarnason dags. 30.09.2017
Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samning við forsvarsmenn ferðafélagsins Blængs til 10 ára um rekstur og viðhald gangnamannaskála í Blæng en með fyrirvara um að í leigusamningi verði tilgreint að félagið greiði árlega þá skatta og gjöld sem falla til á samningstíma. Jafnframt fer sveitarstjórn fram á að samningshafar séu ábyrgir fyrir að afla tilskilinna leyfa í samræmi við þá starfsemi sem fram fer í húsinu. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.

Jóhannes Gissurarson lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi undir næsta lið.



11. 1710014 Félagsheimilið á Herjólfsstöðum. Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir. dags. 16.10.2017.
Málinu vísað til menningarmálanefndar til umræðu og óskað eftir afgreiðslu nefndarinnar fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
Jóhannes kemur aftur til fundarins.
12. 1710015 Framlenging á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands. Markaðsstofa Suðurlands. dags. 09.10.2017
Sveitarstjórn samþykkir framlengingu samningsins og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.
13. 1608020 Málefni Fjaðrárgljúfurs.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps mælist til þess að Umhverfisstofnun fari af stað í vinnu við friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs. Sveitarstjóra falið að senda Umhverfisstofnun erindi vegna málsins.

[Handwritten signature]
HGA

III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604047 Fundargerð 27. fundar FSRVS. dags. 26.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
2. 1603011 Fundargerð 117. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla. dags. 28.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. 1604031 Fundargerð 47. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 21.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 523. Fundargerð stjórnar SASS. dags. 08.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
5. 1708002 Fjallskilaseðill Skaftártunguafréttar 2017. *Fundargerð kynnt.*
6. 1607017 Fundargerð 76. fundar menningarmálanefndar. dags. 01.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
7. 1607017 Fundargerð 77. fundar menningarmálanefndar. dags. 19.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 181. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. dags. 22.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
9. 1708001 Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns. dags. 22.08.2017. *Fundargerð kynnt.*
10. 1607017 Fundargerð 78. fundar menningarmálanefndar. dags. 11.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
11. 1604031 48. Fundargerð félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 12.10.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.


1. 1710012 Uppsögn á leigusamningi. Lagastoð. dags. 29.09.2017. *Kynnt.*
2. Kostnaðarþátttaka grunnskólanemenda. Velferðarvaktin. *Kynnt.*
3. Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla um stöðu barna í leikskólum landsins. 04.10.2017. *Kynnt.*
4. Minnisþing af umræðu og upplýsingafundi um innkaupamál sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 14.09.2017. *Kynnt.*


Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 9. nóvember 2017
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 15:28





Eva Björk Harðardóttir


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Sverrir Gíslason


Jóhannes Gissurarson


Rannveig Bjarnadóttir